



KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907
Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/2011
komudagur 3.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. apríl 2008.

Kvenréttindafélagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, þskj. 584, 348. mál.

Kvenréttindafélag Íslands styður frumvarp þetta heils hugar. Í skilningi Palermo viðaukans við samning SP gegn skipulagðri glæpastarfsemi og Samningi Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali er það mansal ef einhver notfærir sér bágar aðstæður einstaklings til kynlífsþjónustu t.d. og skiptir samþykki hans þá ekki máli.

Flestar þær stúlkur sem starfað hafa á nektardansstöðum á Íslandi koma frá Eystrasaltsríkjunum, Rúmeníu og Búlgaríu. Mikið er um almenna fátækt í þessum ríkjum og þar er staða kvenna yfirleitt mun lakari en karla og því augljóst hvers vegna stúlkurnar starfa í kynlífsiðnaði. Bent skal á að það þarf ekki vændi til að um mansal geti verið að ræða í skilningi ofangreindra alþjóðareglna, það nægir að verið sé að notfæra sér einstaklinginn til kynlífsþjónustu (sexual exploitation).

Við fullgildingu Palermo viðaukas og Samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, sem nú er stefnt að, ber íslenska ríkinu m.a. með löggjöf og öðrum úrræðum að vinna gegn þeim þáttum sem auka líkur á að einstaklingar, einkum konur og börn, verði fórnarlömb mansals. Rekstur nektardansstaða er tvímælalaust einn þeirra þátta sem viðheldur mansali.

Það er löngu ljóst að vændi er stundað á nektardansstöðum hér á landi, enda hafa bæði viðskiptavinir og stúlkur sem þar hafa starfað staðfest það. Til að vinna á því alvarlega og alþjóðlega vandamáli sem mansal er verður að ráðast gegn vændi í leiðinni, viðurkenna eðli þess og orsakir og hafna misnotkun á þeim sem leiðst hafa í vændi sökum erfiðra aðstæðna.

Samkvæmt Samningi Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, skulu ríki t.d. styðja við eða setja af stað upplýsingaherferðir, sem m.a. opinber stjórnvöld og stefnumótendur taki þátt í, forvarnir, t.d. fræðslu fyrir drengi og stúlkur í skólum, með áherslu á að kynbundin mismunun er óásættanleg og hversu mikilvægt jafnrétti kynjanna er. Í ljósi þessa verður ekki séð hvernig leyfa megi nektarsýningar og annað það sem fram fer á nektardansstöðum. Jafnrétti kynja verður aldrei náð ef litið er á konur sem söluvöru.

f.h. Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir
framkvæmdastjóri